



Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson, skipulagsfulltrúi
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Reykjavík, 27. mars 2019
Tilvísun: 201903068 / 3.4

Efni: Deiliskipulag svæðis úr landi Leynis, Rangárþing ytra

Rangárþing ytra hefur, með erindi dags. 19. mars 2019, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulagi til til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 30. jan. 2019. Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í sveitarstjórn, þann 14. mars 2019 ásamt umsögn skipulagsnefndar um framkomnar athugasemdir. Afrit af svörum við athugasemdum til hagsmunaaðila fylgdu ekki gögnum.

Í deiliskipulaginu felst að á skilgreindu frístundasvæði eru afmarkaðar 4 frístundalóðir, auk þess afmörkuð er 1 lóð fyrir íbúðarhús tengdu búrekstri jarðarinnar. Gamalt fjárhús er á svæðinu. Aðkoma að svæðinu er sýnd um aðliggjandi jörð.

Deiliskipulagið er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:2000, dags. 4. des. 2018, br. 6. mars 2019.

Skipulagsstofnun getur ekki tekið afstöðu til efnis vegna eftirfarandi:

- Aðkoma að skipulagssvæðinu frá þjóðvegi er sýnd í gegnum land Stóra- Klofa og er í greinargerð deiliskipulagsins vísað í landskiptauppdrætti frá 2012 hvað það varðar og einnig segir að kvöð sé um aðkomu að lóðinni. Eigendur Stóra – Klofa gera athugasemdir við aðkomu að frístundasvæðinu yfir sitt land og segja að engar kvaðir um slíkt liggi fyrir. Þá nær deiliskipulagið ekki yfir aðkomuvegin í gegnum land Stóra – Klofa, en slík skipulagsákvörðun hefði mögulega getað verið grundvöllur fyrir eignarnámi svæðisins næðust ekki samningar um aðkomuna.

Ljóst er að úr þessu þarf að greiða áður en deiliskipulag fyrir frístundasvæði og hluta úr landi Leynis getur tekið gildi. Skipulagsstofnun þarf jafnframt að fá sent afrit af svörum sveitarstjórnar við athugasemdum.

- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á að lóðirnar standa á fjarsvæði vatnsverndar og því sé farið fram á að frekari útfærsla á frágangi fráveitu verði borin undir eftirlitið áður en til framkvæmda kemur. Fyrirvara um þetta atriði þarf að setja í skilmála.


Málfríður K Kristiansen

